

Fundargerð 130. fundar Fræðslusjóðs
Þriðjudaginn 6. febrúar 2024 kl. 13:00-14:30
í fjarfundi.

Mætt: Inga Dóra Halldórsdóttir formaður, Hulda Anna Arnljótsdóttir, Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir, Finnbogi Sveinbjörnsson, Heiðrún Björk Gísladóttir, Helga Kristín Kolbeins., Hulda Birna Baldursdóttir, Jóhanna Þórunn Pálsdóttir (varamaður GJA), Karl Rúnar Þórsson, Margrét Sigurðardóttir.

Boðuð fjarvera: Gylfi Jónu Arnbjarnarson

Frá FA: Hildur Betty Kristjánsdóttir, Björn Garðarsson

DAGSKRÁ

1. Fundargerð 129. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin hefur verið samþykkt og undirrituð rafrænt af fundarmönnum.

2. Staðfesting úthlutunar 2024

Afgreiðsla: Vísað er í fundargerð frá stjórnarfundi 28.11.2023 þar sem formanni var falið að ræða við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um leiðsögn við úthlutun. Formaður leitaði einnig álits lögfræðings hjá Arta lögmönnum.

Í framhaldinu sendi formaður tölvupóst á allt stjórnarfolk þar sem afstaðan er skýr að tillaga B hafi verið samþykkt með lögmætum meirihluta.

Samþykkt úthlutun 2024	
Námsleiðir	609,270,000
Ráðgjöf	150,400,000
Raunfærnimat	163,739,000
Nýsköpunarverkefni	70,000,000
	993,409,000

3. Forgangssvið nýsköpunar- og úthlutunarstyrkja

Afgreiðsla: Stjórnarmenn hleri eigið bakland og hugi að forgangssviðum. Þeir voru hvattir til að nota svæði stjórnar á Teams til að setja inn hugmyndir eða hugmyndaflokka.

Hugmyndir að forgangssviðum liggi fyrir á næsta fundi til afgreiðslu.

4. Tilnefning í úthlutunarnefnd nýsköpunar- og þróunarstyrkja 2024

Afgreiðsla: Samband íslenskra sveitarfélaga hefur ekki tök á að tilnefna í nefndina í ár.

Samþykkt að nefndarmenn verði fulltrúar SA, ASÍ, BSRB, Skólameistarafélags Íslands og Félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins. Skipan liggi fyrir á næsta fundi.

5. Endurskoðun laganna – Staðan

Hulda Anna fór yfir stöðuna á endurskoðuninni. Fram kom að endurskoðunin hófst í byrjun árs 2023 og þá stóðu vonir til að nýtt lagafrumvarp yrði tilbúið fyrir haustþing sama ár.

Nú er staðan sú að grænbók er í yfirlestri og fer að því loknu í samráðgátt. Í framhaldinu standa vonir til að samráðshópurinn, sem mótaði grænbókina, komi að gerð hvítbókar, sem er grundvöllur að gerð lagafrumvarps. Er nú stefnt á að nýtt frumvarp um framhaldsfræðslu líti dagsins ljós á haustþingi 2024.

6. Önnur mál

Hulda Anna lagði til að stjórnarmenn gerðu meira af því að koma með stutta fræðslumola inn á fundi stjórnar. Ýmis vinna væri í gangi innan þeirra félaga og samtaka sem eiga fulltrúa í stjórninni sem áhugavert og fræðandi væri að fá fregnir af. Það var tekið vel í þessa hugmynd og stefnt á að hafa fræðslumola á næstu stjórnarfundum.